

FW: Bréf til Umhverfis-og Framkvæmdaráðs

Til : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Frá : Sigurður Haraldsson
Heiti : FW: Bréf til Umhverfis-og Framkvæmdaráðs
Málsnúmer : 1609200
Málsaðili : Dýraverndunarfélag Hafnirðinga
Skráð dags : 21.09.2016 15:43:36
Höfundur : Sigurður Haraldsson

-----Original Message-----

From: Haraldur Líndal Haraldsson
Sent: 13. september 2016 17:27
To: kth01@internet.is; Helga Ingólfssdóttir ; Kristinn Andersen ; Árdís Ármannsdóttir ; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is
Cc: hths8@hi.is; Sigurður Haraldsson
Subject: RE: Bréf til Umhverfis-og Framkvæmdaráðs

Sæl,

Ég bið Árdísi að senda þetta á ráðsmenn og væntanlega mun erindið verða svo tekið fyrir hjá ráðinu. Hef sviðsstjóra umhverfis-og skipulagsþjónustu hér cc líka.

Með kveðju/ best regards,

HARALDUR L. HARALDSSON
BÆJARSTJÓRI / MAYOR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5501 | 664 5503 | www.hafnarfjordur.is

-----Original Message-----

From: kth01@internet.is [<mailto:kth01@internet.is>]
Sent: 13. september 2016 14:19
To: Haraldur Líndal Haraldsson; Helga Ingólfssdóttir; Kristinn Andersen; Árdís Ármannsdóttir; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is
Cc: hths8@hi.is
Subject: Bréf til Umhverfis-og Framkvæmdaráðs

Góðan dag,

Sem ritara Dýraverndunarfélags Hafnirðinga, hefur mér verið falið að koma eftirfarandi ályktun á framfæri við Umhverfis-og Skipulagsráð. En þrátt fyrir eftirgrennslan, hefur ekki tekist að fá upp tölvupóst allra meðlima ráðsins, heldur einungis tveggja. Ég verð því að biðja bæjarstóra, samskiptastjóra, formann ráðsins og Kristinn Andersen vinsamlega um að koma eftirfarandi á framfæri við aðra í ráðinu.

Með kærnum þökkum og kveðju
Katrín Þorvaldsdóttir

Til Umhverfis - og Framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar

V/ Máls 1608517 - Erindi félagsins Villikatta til bæjarins.

Hafnarfirði 14.09.2016

Ágætu viðtakendur,

Dýraverndunarfélag Hafnfirðinga og Óskasjóður Púkarófu (sem er innan vébanda DVH) mótmælir harðlega að tekið yrði jákvætt í erindi félagsins Villikatta til bæjarins, sem fjallað er um í Umhverfis-og skipulagsnefnd þann 16.08.2016.

Einstaklingar, ásamt Óskasjóði Púkarófu & Dýraverndunarfélagi Hafnfirðinga, hafa síðastliðin 7 ár verið að huga að villikisum í Hafnarfirði, gefið þeim að borða á eigin kostnað, útbúið skjólhýsi og tekið inn kettlinga og aðlagð að heimilum, í sátt við nærliggjandi atvinnustarfsemi. Mikil eftirfylgni er einnig með þeim kettlingum, sem sjóðurinn kemur á heimili. Óskasjóður Púkarófu er auk þess frumkvöðull í því að fá dýralækna til samstarfs við sig. Við bendum á að Dýraverndunarfélag Hafnfirðinga er gamalt og gróíð, stofnað 13. maí 1928 og þar innanborðs eru einstaklingar með mikla reynslu af hinum ýmsu sviðum dýraverndunarmála.

Félagið Villikettir hafa síðasta árið, í óþökk okkar, verið að taka og gelda kisur (með TNR aðferð) á Hvaleyrarholtinu í Hafnarfirði, auk þess sem kettlingar hafa verið teknir inn. Þetta hefur verið gert í "rassíum", þar sem setið er um dýrin með fellibúr dögum saman, þannig að ekki er einu sinni hægt að komast að til þess að fódra dýrin. Afleiðing af þessu er sú, að kisurnar hafa ALLAR skipt um svæði - farið í burtu frá stöðum, þar sem þær höfðu skjól og mat. Það kostaði mikinn tíma að finna þær aftur og þá voru jafnvel hinar gæfustu mjög hvekkar. Um 10 kettir hafa horfið endanlega, eftir að þeim var skilað á heimaslóðirnar og hafa ekki fundist aftur, þrátt fyrir mikla leit. Einnig hafa sumir, sem reka þarna atvinnustarfsemi, hætt að gefa kisunum, þar eð þær eru ekki þarna lengur og misstu þær t.d. sína daglegu gjöf á fiski. Einnig er bannað skv. nýjustu lögum um gæludýr, að klippa af eyranu á kisum.

Síðan hefur félagið Villikettir stundað það að taka inn kettlingafullar villikattarlæður, til þess að "leyfa" þeim að eiga innandyra í hlýjunni.

Víst er auðveldara að aðlaga villikettlinga í þessum aðstæðum. En læðunum er enginn greiði gerður. Þær eru skelfingu lostnar og jafnvel dæmi um að þær hafi reynt að drepa kettlingana sína í svona aðstæðum, auk þess sem fyrirburður hefur orðið í einhver skipti. Læðurnar eru síðan settar út í alls konar veður. Sjálfboðaliði á vegum Óskasjóðs Púkarófu sá t.d. eina af þeim læðum, sem hann gefur daglega, sem sett var út í 12 st. frost 1. vetrardag árið 2015, eftir 3ja má. inniveru.

Kisan hafði ekki myndað nauðsynlegt spiklag, né vetrarfeld, eins og villikisur gera fyrir vetrarhörkurnar. Svona nokkuð jaðrar við dýranið.

Við bendum einnig á að engin haldbær reynsla er komin á TNR aðferðina á Íslandi og á þá staðreynd, að fram eru komnar mannúðlegri aðferðir við geldingu og ófrjósemisaðgerðir á villikisum, þar sem kisurnar halda sinni stöðu í samfélagi sínu. American Veterinary Medical Association

(<https://www.avma.org/Pages/home.aspx>) mælir með seinni aðferðinni. Með þessarri aðferð er eingöngu klippt á eggjastokka og á sáðrás. Dýrin halda hvötinni, en skjóta púðurskotum.

Skv. stefnu Félagsins Villikettir, eru öll dýr, sem koma í búr, geld.

Nema auðvitað að um sé að ræða kettlingafullar læður eða læður með kettlinga. Við bendum á, að dýralækna greinir mjög á um hvort í lagi sé að gelda eldri dýr. Elstu dýr, sem vitað er um á Hvaleyrarsvæðinu eru 14 - 16 ára. Auk þess er meiri hætta á kristalmyndun í þvagi á geldum dýrum og þau þyrftu því að vera á sérféði.

Að lokum er okkur til efins um að Félagið Villikettir standi við það loford sitt að sjá um kisurnar, eftir að þeim er sleppt út aftur. Eftir rassíuna í fyrrahaust, hafa sjálfboðaliðar Óskasjóðs Púkarófu lítið orðið varar við að matur sé gefinn, eða skjólhýsi reist. Hins vegar setti aðili frá Villiköttum merki þeirra á skjólhýsi, sem reist var á einkalóð fyrir 3 árum og er félaginu óviðkomandi. Óskasjóður Púkarófu hefur hins vegar sett niður um 30 skjólhýsi, sem fóðruð eru með einangrunarplasti, lopa og jafnvel dúnsængum, auk þess sem dýrunum er gefið daglega.

Dýraverndunarfélag Hafnfirðinga og Óskasjóður Púkarófu fara því fram á við ráðið, að erindi Félagsins Villikatta sé svarað á neikvæðan hátt.

Dýraverndunarfélag Hafnfirðinga, ásamt Óskasjóði Púkarófu, eru tilbúin til þess að starfa með bænum að velferð og vernd villikatta bæjarins að leiðarljósi.

Virðingarfyllst

Helga Þórunn Sigurðardóttir f.h. Dýraverndunarfélags Hafnafirðinga og María Þorvarðardóttir f.h. Óskasjóðs Púkarófu

FYRIRVARI / DISCLAIMER<<http://www.hafnarfjordur.is/stodflokkar/fyrirvari>>

FYRIRVARI / DISCLAIMER<<http://www.hafnarfjordur.is/stodflokkar/fyrirvari>>